

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvöllir 33, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

87. fundur stjórnar BS haldinn fimmtudaginn 25. október 2024 kl. 16:00 í fundarsal BS að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

Mætt eru:

Trausti Arngrímsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Sigursveinn Bjarni Jónsson, Birgitta Rún Birgisdóttir, Eyþór Rúnar Þórarinsson slökkviliðsstjóri og Birgir Örn Ólafsson sem jafnframt ritaði fundargerð. Helga Jóhanna Oddsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

Formaður setur fundinn.

1. Skýrsla slökkviliðsstjóra

Farið yfir skýrslu slökkviliðsstjóra á starfseminni. Slökkviliðið hefur farið í 176 brunaútköll það sem af er ári. Á árinu 2024 hafa verið farnir 2.999 sjúkraflytingar það sem af er ári. Töluverð vinna hefur farið í opnun Grindavíkur og hefur verið fundað með öðrum viðbragðsaðilum því tengdu ásamt framkvæmdarnefnd Grindavíkur.

2. Staða fjármála

Slökkviliðsstjóri fór yfir stöðu fjármála.

3. Fjárhagsáætlun 2025

Uppfærðri fjárhagsáætlun vísað til sveitarfélaganna til samþykktar.

4. Gjaldskrá BS fyrir 2025

Gjaldskrá BS lögð fram og vísað til sveitarfélaganna til samþykktar.

5. Samningur vegna kaup á stigabíl

Útboð vegna stigabíls frágengið. Eitt tilboð uppfyllti skilyrðið og er það frá Emergency One Group Ltd.

Stjórn veitir slökkviliðsstjóra heimild til að klára samningsgerð við Emergency one Group Ltd.

6. Starfsmannamál

Slökkviliðsstjóri fór yfir stöðu starfsmannamála.

7. Önnur mál

Fundi slitið kl. 17:15